

Alþingi
Erindi nr. P 138/ 68
komudagur 6.11.2009

From: Kolbrún Jónsdóttir [mailto:kolbrun@logmannastofa.is]
Sent: 6. nóvember 2009 10:37
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Subject: Varðar frumvarp um áframhaldandi frestun uppboða – 90. mál

Góðan daginn

Mig langar að koma á framfæri athugasemdam við ofangreint frumvarp. Ég veit að ég tala fyrir munn margra íbúa í fjöleignarhúsum.

Þannig er mál með vexti að undanfarin 20 ár höfum við sinnt löginheimtum fyrir Húsfélög og hefur það gengið mjög vel.

Það vill þannig að til Húsfélög eru ekki annað en samtök fólks (einstaklinga) sem býr í fjölbýlishúsum og skv. lögum hafa með sér félag um rekstur fasteignarinnar m.a. rafmagn, hita, þrif, framkvæmdir o.fl.

Alltaf hefur það borið við einhverjir standa ekki í skilum með gjöld í hússjóð og hefst þá innheimtuferli sem í einhverjum tilfellum endar með uppboði. Á bak við þessar kröfur eru einstaklingar sem eiga fullt í fangi með að ná endum saman þótt þeir þurfi ekki að reka hluta heimilis fyrir aðra í húsinu.

Ég vil því koma því á framfæri að til þess að fólk geti fengið áframhaldandi frestun á uppboði þurfi skuldirnar sem uppboðið er tilkomið út af eingöngu að vera við fjármálastofnanir og aðrar opinberar stofnanir eins og sveitarfélag, tryggingafélag o.s.frv. en að menn þurfi að vera í skilum við Húsfélagið og aðra einstaklinga.

Vænti viðbragða við erindinu.

Með vinsemi og virðingu.

Kolbrún Jónsdóttir

Með kveðju / With regards
Kolbrún Jónsdóttir

G. Jónsson & Partners ehf.
Lögmannastofa Ásgeirs Björnssonar hdl.
Borgartúni 33, 105 Reykjavík
Telephone/Sími 00354-5629888
Telafax/Fax 00354-5617266
E-mail address/Netfang: kolbrun@logmannastofa.is